

## 2. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um að núverandi borgarstjóri víki

**Ólafur F. Magnússon:** Ágæti forseti, áður en ég byrja ræðu mína vildi ég biðja þig um að slá einu sinni í bjölluna, þú gerir það oft þegar að ég held ræðu hér, til að vekja þá sem sofnaðir eru undir þessari umræðu, vildirðu gjöra svo vel forseti. Þetta er hneyksli, þessi umræða hefur tekið 3 klukkutíma og 5 mínútur og þetta er skipulagt beint af borgarstjóranum hér með sína bláu hönd, þú ættir ekki að hlýða henni, kæri forseti, þú ert heiðarlegur og þú ert vinur minn og ég ber virðingu fyrir þér, það er meira en ég get sagt um marga aðra hér. Ekki hlýða flokkum, ekki láta líða valdbeitingu hér. Og þessi fundur, hann er hneyksli, þvílíkt hneyksli. Júlíus Vífill Ingvarsson fór hér af fundinum, Áslaug Friðriksdóttir kom inn og flutti eina stutta ræðu, síðan kom Elínbjörg Magnúsdóttir í hennar stað. Þið eruð að skipta hér inn fólki til að tefja fundinn, sjálfstæðismenn. Hvað kostar þetta mikið, forseti?

**Forseti:** Ég vil biðja borgarfulltrúann í mestu vinsemd um að snúa sér að efni þessa dagskrárliðar ...

**Ólafur F. Magnússon:** [frammícall] já, já að líða þá valdníðslu og misnotkun á almannafé sem hér á sér stað forseti.

**Forseti:** ... að virða og þá lýðræðislegu hefð sem hér hefur viðgengist að hér fá allir að tala.

**Ólafur F. Magnússon:** Það er varla svo, er ekki reynt að halda mönnum eins og mér utan við umræðuefnið gengur ekki fundarstjórnin út á það í Borgarstjórn Reykjavíkur að þagga mig niður og koma í veg fyrir það að ég geti tekið til máls. Að reyna að nota þá aðstöðu sem ég hef hér og þá staðreynd að fjölmiðlar yfirleitt, þótt undantekning sé í dag, segi ekki frá því hvað ég er að gera í Borgarstjórn Reykjavíkur þá er mjög gott að beita þöggun, tefja fundinn svo að þetta komi helst ekki í fréttir hvað er verið að ræða hér. Vantrauststillaga borgarstjóra og málið er tafið í 3 tíma til að svæfa fólk frá því að hlusta á umræðuna forseti. Þetta er svívirðileg valdníðsla og spilling og kostar mikla peninga að skipta hér inn sjálfstæðismönnum, varaborgarfulltrúum í gríð og erg, sumir til að blaðra hér í 5

mínútur og hlaupa heim aftur. Hvað á þetta að þýða, forseti? Ég mótmæli þessu. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það hneyksli sem hér hefur átt sér stað og þá spillingu, hroka og valdniðslu sem veldur mér sem starfandi borgarfulltrúa vanlíðan að horfa upp á. Hrokinn sem ég mæti frá borgarstjóra er slíkur að mér líður illa nálægt honum og ég skal svo sannarlega stuðla að því að hann fái ekki framlengt umboð sitt eftir næstu kosningar. Ég þekki borgarstjóra og ég þekki óheilindi hennar, ég þekki rýtingana í bakið sem við Vilhjálmur þekkjum svo vel og ég skal ekki fjalla meira um það í bili, enda er það brýnt að koma hér að vantrausts tillögu borgarstjóra – umræðuefnið er brýnt og orsakirnar og rökstuðningurinn skotheldur. Ég hef þá ræðu mína.

Forseti, góðir borgarfulltrúar og góðir Reykvíkingar. Um leið og ég flyt hér í borgarstjórn tillögu mín um að ráðinn verði nýr borgarstjóri í stað Hönnu Birnu Kristjánsdóttur legg ég fram svohljóðandi bókun, með leyfi forseta:

Undirrot allra lasta ágirndin kölluð er  
frómleika frá sér kasta fjárplógsmenn ágjörn er.  
Sé freklega elskað fé auði með okri safna  
andlegri blessun hafna en setja sál í veð.

Þessi orð í 8. versni 16. passúsálms séra Hallgríms Péturssonar eiga einkar vel við þegar gætt er að gildismati og athöfnum þess borgarstjóra og þeirra stjórnmalaflokka sem nú stjórna Reykjavíkurborg í umboði minnihluta kjósenda. Sú græðgi, efnishyggja og óheiðarleiki sem lýst er í sálminum er helsta undirrot þess efnahagshruns sem [frammícall; sem reið yfir þjóðina haustið 2008 ...] tekin var í Valhöll við Háaleitisbraut að færa einkavinum Sjálfstæðisflokksins Landsbanka þjóðarinnar nánast að gjöf.

Þegar að sú ákvörðun var tekin var Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og jafnframt stjórnarformaður Landsbanka þjóðarinnar, aðstoðarframkvæmdastjóri flokksins þá og nánasti pólitíski bandamaður Kjartans Gunnarssonar Hanna Birna Kristjánsdóttir var þannig mjög nálægt vettvangi við þessa siðspilltustu ákvörðun íslenskrar stjórnmalasögu og hún hefur svo sannarlega notið góðs af. Fyrir prófkjör Sjálfstæðisflokksins vegna borgarstjórakosninganna árið 2006 þáði Hanna Birna Kristjánsdóttir há fjárframlög frá Landsbankanum sem hún hefur ekki viljað greina frá þrátt fyrir

ítrekaðar kröfur Ólafs F. Magnússonar þar um, bæði í borgarráði og í borgarstjórn. Það var ekki fyrr en DV greindi frá framlögunum í lok nóvembermánaðar árið 2009 að þau urðu almenningi kunn. Öllum má ljóst vera að þessi framlög réðu því að Hanna Birna krafðist þess sumarið 2008 að fallið yrði frá þeirri verndun Laugavegarins, sem var einn hornsteinn þess málefnasamnings um meirihlutamyndun F-lista og Sjálfstæðisflokks sem hún hafði undirritað í janúarmánuði árið 2008.

**Forseti:** Ég vil biðja borgarfulltrúann að gæta orða sinna og ég vísa til þess og ...

**Ólafur F. Magnússon:** Ég vísa til þess að hún sagði þetta við mig sjálfan ...

**Forseti:** ... Ég hef kynnt borgarfulltrúanum það að í okkar samþykktum ...

**Ólafur F. Magnússon:** Hlýddu ekki bláu hendinni ...

**Forseti:** ... þá er ekki ætlast til þess og við hreinlega munum ekki þola það að það sé verið að dylgja ...

**Ólafur F. Magnússon:** Leyfðu mér að mæla hér í friði, það hefur tekið mig 3 tíma að komast að með þessu alvarlegu mál, forseti, ég er að greina satt og rétt frá. Þessi borgarstjóri sagði beint við mig sjálfan persónulega nokkrum dögum áður en hún stakk rýtingnum líka í bakið á mér og henti mér út, að hún krefðist þess að Landsbankinn fengi að ráða skipulaginu við Laugaveg þannig að Listaháskóli kæmi þar og ýtti í burtu gamalli byggð, hún sagði það við mig og ég lýg ekki forseti. Ég ætla að halda áfram að lesa bókunina:

Það var ekki fyrr en DV greindi frá framlögunum í lok nóvembermánaðar árið 2009 að þau urðu almenningi kunn og öllum má ljóst vera að þessi framlög réðu því að Hanna Birna krafðist þess sumarið 2008 vegna hagsmuna Landsbankans að fallið yrði frá þeirri verndun Laugavegarins sem var hornsteinn þess málefnasamnings um meirihlutamyndun F-lista og Sjálfstæðisflokks sem hún hafði undirritað í janúarmánuði árið 2008. Þetta heitir að setja sál sína í veð og er gróft brot á sveitarstjórnarlögum um að kjörnir fulltrúar megi ekki víkja frá sannfæringu sinni og hvað þá ganga erinda hagsmunaaðila eða sjálfra sín.

Árið 2004 hröktu Hanna Birna og borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins mætan mann Þórólf Árnason úr embætti borgarstjóra vegna atburða sem áttu sér stað á síðustu öld og á öðrum vettvangi. Þær ávirðingar sem auk framanskráðs verða bornar fram á störf Hönnu Birnu í Borgarstjórn Reykjavíkur hljóta að leiða til afsagnar hennar. Auk þess sem þegar er nefnt sé rök fyrir því að núverandi

borgarstjóri verði látinn víkja, þá hefur Hanna Birna beitt grófri valdniðslu varðandi starfssemi borgarráðs. Hún hefur fellt niður hvorki meira né minna en átta reglubundna borgarráðsfundi á fimmtudögum frá því að hún tók við starfi borgarstjóra á fimmtudaginn 21. ágúst árið 2008. Auk þess sem hún felldi niður borgarráðsfund daginn sem hún tók við völdum. Hið sama gerði ég ekki daginn sem ég tók við borgarstjórastarfinu fimmtudaginn 21. janúar árið 2008, heldur hélt borgarráðsfund og felldi niður aðeins einn hefðbundinn borgarráðsfund þegar ég fór í einu ferðina á vegum borgarinnar á tuttugu ára ferli mínum sem kjörinn fulltrúi Reykvíkinga og þá til Færeya sem Borgarstjóri Reykjavíkur í júnímánuði árið 2008. Mjög sérstakar aðstæður réðu því að ég bað um frestun á þessum eina borgarráðsfundi enda verða að liggja fyrir því ríkar ástæður að fella niður borgarráðsfundi. Borgarstjóri skipar nefnilega ekki eitt sæti meirihlutans í borgarráði. Slíkar leikreglur hefur núverandi borgarstjóri virt að vettugi og eins og áður segir fellt niður níu hefðbundna borgarráðsfundi í borgarstjóratíð sinni, en hann hefur ekki bara vanvirt borgarráð með þessum hætti heldur einnig svarað fyrirspurnum í borgarráði bæði seint og illa. Og eins og fram kom í Fréttablaðinu í dag beinlínis sagt rangt til í svörum sínum til borgarráðs.

Þannig greinir hún ranglega frá því að hún hafi „aðeins“ fellt niður sex hefðbundna borgarráðsfundi en ekki níu eins og satt er. Hún segir einnig ósatt þegar að hún segist „aðeins“ hafa farið í sex ferðir í borgarstjóratíð sinni, þegar fyrirliggur að þær eru að minnsta kosti sjö. Hún segir enn ósatt, þegar að hún segir ferðakostnað sinn vera um kr. 1.800 þús. eða átjánfaldað ferðakostnað frá því í borgarstjóratíð minni sem var um kr. 100 þús. Því hún einfaldlega þegir yfir ferð sem hún fór til Færeya og kostaði yfir kr. 300 þús. Hitt er þó enn alvarlega að núverandi borgarstjóri hrósar sér af því að skera grimmt niður ferða- og launakostnað hjá starfsmönnum borgarinnar á meðan að hún gefur heldur betur í við að eyða peningum borgarbúa í sjálfa sig. Þetta er fullkomið siðleysi. Ég gæti haft mjög langt mál um óeðlileg vinnubrögð borgarstjóra og einstakan óheiðarleika hennar í framkomu við mig og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, báða fyrrverandi borgarstjóra.

En ég lýk þessari bókun með eftirfarandi lýsingu á borgarstjóra og ástandinu hér í Borgarstjórn Reykjavíkur;

Gírug í ferðir gráðug í fé  
grandvör hvorki er hún né  
gætir hófs í gerðum sínum

**Forseti:** Forseti verður að áminna ... að það er ekki hérna hægt að una því að það séu fluttar niðvísur hér í borgarstjórninni. Ef borgarfulltrúinn kys að gera svo þá verður hann sjálfur að bera persónulega ábyrgð á því.

**Ólafur F. Magnússon:**

gjafir fær frá banka fínum  
auðmjúk er við auðvaldsfætur  
ávallt að þess vilja lætur.

Bstj. 19. janúar 2010

Ég skal gera það, þetta eru allt staðreyndir sem við þekkjum vel Vilhjálmur, ekki þú síður en ég. Ég ætla að hefja lesturinn aftur, ég vil ekki vera truflaður við svo vel ort kvæði.

Gírug í ferðir gráðug í fé  
grandvör hvorki er hún né  
gætir hófs í gerðum sínum,  
gjafir fær frá banka fínum.  
Auðmjúk er við auðvaldsfætur,  
ávallt að þess vilja lætur.  
Velferð viljug niður sker,  
víða hnífinn fína ber,  
sjaldnast nálægt sjálfri sér,  
sárt í annars bakið fer.  
Laugaveg, flugvöll láttu kjurt,  
lata Hanna, farðu burt,  
í Valhöll heim að vefja þráð  
með vinum þínum í síð og bráð.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og forseti sér sér ekki annað fært vegna þeirra síðustu orða sem að hér féllu og ég held að það hafi allir skilning á því og ekki síst sá sem að hér flutti ræðuna að hjá því verður ekki komist að víta borgarfulltrúann fyrir framsetningu síns máls. Mér finnst þetta miður en borgarfulltrúinn hann var varaður við en kaus að fylgja ekki óskum forseta hvað þetta varðar. Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur óskað eftir að taka til máls.

## **2. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um að núverandi borgarstjóri víki**

**Óskar Bergsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil gera grein fyrir bókun meirihlutans og frávísunartillögu í þessu máli. Það fer að vera fastur liður í dagskrá borgarstjórnar að Ólafur F. Magnússon fari með stóryrði og algjörlega órökstuddar ásakanir í garð borgarfulltrúa. Borgarfulltrúar hafa kosið að líta framhjá þessu um langan tíma enda vilji borgarstjórnar að umræðan á þessum vettvangi sé með öðrum og málefnalegum hætti. Dylgjur borgarfulltrúans um meint hagsmunatengsl borgarstjóra eru algjörlega úr lausu lofti gripnar enda virðist Ólafur F. Magnússon ekki þekkja staðreyndir málsins eða hafa áhuga á því að fara með rétt mál. Hið rétta í málinu er að Ólafur F. Magnússon var forseti borgarstjórnar þegar Reykjavíkurborg samþykkti einróma makaskiptasamninga að tillögu þáverandi borgarstjóra Dags B. Eggertssonar sem gerði Listaháskólanum kleift að efna til samkeppni um byggingu skólans við Laugaveg. Þessi ákvörðun var staðfest í borgarstjórn 4. desember 2007 sama dag og hann var kosinn forseti borgarstjórnar. Þegar meirihluti F-lista og Sjálfstæðisflokks tók við í janúar 2008 var ákvörðunin þannig þegar tekin og ekkert annað gert þá en að fylgja þeirri sameiginlegu ákvörðun borgarstjórnar eftir. Engin rök eru því fyrir þeim málalíbúnaði sem hér er borinn á borð og er honum alfarið vísað á bug.

Lagt er til að tillögu Ólafs F. Magnússonar verði vísað frá enda byggir tillagan á dylgjum.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að veita andsvar.

**2. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um að núverandi borgarstjóri viki**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti. Heldur eru nú veikburða varnirnar. Reynt að henda á loft einhverri vitleysu eins og þetta sem ég var að tala um á milli okkar Hönnu Birnu hafi gerst fyrir áramótin 2007. Það er vissulega rétt, það var heimilað að athuga með Listaháskóla við Laugaveg í lok árs 2007, en hafði ekkert hins vegar með það að gera að fallið yrði frá verndun Laugavegarins og í einu og öllu gengið að kröfum þeirra hagsmunaaðila, m.a. Landsbankans sem málið varðaði. Ég var að greina frá því hér áðan og allt annað er hreinn útúrsnúningur að Hanna Birna sagði við mig persónulega nokkrum dögum áður en hún fleygði mér hér út úr skrifstofunni með hnífasettið í bakinu, sagði við mig persónulega; að hún krefðist þess að ég viki frá málefnasamningnum um verndun húsa við Laugaveg í þágu Listaháskólans og krafna Landsbankans. Þetta eru staðreyndir. Hér er hent á loft einhverri vitleysu af Óskari Bergssyni síðan hægt að skjóta á það. Þetta er útúrsnúningur. Það sem ég segi er skothelt því að ég hef alltaf sagt satt og rétt frá í Borgarstjórn Reykjavíkur.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskar eftir að taka til máls.

## 2. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um að núverandi borgarstjóri víki

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Samfylkingin eða minnihlutinn hefur ekki verið hluti af þeim samskiptum sem að hér hefur verið lýst og eru í mínum huga rökrétt framhald af því þegar Sjálfstæðisflokkurinn ákvað að setja borgarstjórastólinn á uppboð og gera Ólaf F. Magnússon að borgarstjóra, sem ég hef áður í þessum sal kallað einn ljótasta leik í íslenskri stjórnmálasögu og ætla raunar ekki að rifja upp eða fara hér yfir. En við ætlum okkur ekki að verða hluti af þeim orðahnippingum sem að því lýtur en ég verð þó að segja að hér eru tvö efnisatriði sem að mjög eðlilegt er að komi til kasta borgarstjórnar og borgarráðs burt séð frá öðru.

Annars vegar það ef rétt er að borgarráði hafi ekki verið fyllilega gerð grein fyrir á réttan og sannan hátt í svörum sem að kjörnir fulltrúar í borgarráði eiga sannarlega rétt á varðandi ferðir og aðra hluti og mundi ég nú óska eftir því og tel eðlilegt að það sé gerð skýr grein fyrir því hvað hæft er í því. Hins vegar hitt að allir stjórnmálaflokkarnir eftir hrun og með sérstökum lögum frá Alþingi sammæltust um það að biðja ríkisendurskoðun að gegna sérstöku hlutverki við að birta samræmdar upplýsingar um þá styrki og fjárframlög sem að flokkarnir hefðu fengið frá fyrirtækjum og einstaklingum á árunum 2002 til 2006. Þetta hafa nú allir flokkar gert nema Sjálfstæðisflokkurinn. Sjálfstæðisflokkurinn hefur í fyrsta lagi bara birt upplýsingar frá sinni flokksskrifstofu en ekki einstökum kjördæmum eða sveitarfélögum eða styrki í tengslum við sveitarstjórnarkosningar og hefur heldur ekki birt nafn á þessum styrktaraðilum. Þessi tvö efnisatriði, annars vegar að borgarráði séu gefin skýr og rétt svör og hins vegar að það hljóti að verða að gera kröfur til allra flokka hér í borgarstjórn að þeir geri grein fyrir þeim fjárstyrkjum sem að þeir fengu á umliðnum árum og það hafa allir aðrir flokkar gert með samræmdum hætti miðað við kröfur ríkisendurskoðunar aðrir en Sjálfstæðisflokkurinn.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að taka til máls öðru sinni.

## 2. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um að núverandi borgarstjóri víki

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Miðað við þann málflokkning sem var hér fyrir á fundinum hef ég haft gaman að því að takast á í rökræðum við þetta fólk sem hér situr í salnum og hélt íbúum Reykjavíkur sofandi í þrjá tíma í andlausum Morfís-æfingum og langlokufroðusnakksræðum. En hér er ekki um það að ræða. En ég ætla að fara fram á nafnakall við atkvæðagreiðslu við þessa frávísunartillögu. Það verður að vera algjörlega skjalfest hverjir þora ekki að standa við hlið mér í minnihlutunum um að lýsa vantrausti á Borgarstjórnann í Reykjavík. Ástæðurnar eru ærnar ég held að Reykvíkingar verði að hafa það alveg skýrt hverjir hér bera vantraust til núverandi borgarstjóra og hverjir ætla ekki að starfa með honum eftir kosningar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og óskað eftir því að fram fari nafnakall um frávísunartillögu þar sem að hér var lögð fram áðan og það segir hérna í 34. grein samþykktu um fundarsköp borgarstjórnar, að nafnakall skal viðhafa ef forseti ákveður, borgarstjóri óskar eða fjórir borgarfulltrúar hið fæsta. Og við nafnakall greiða borgarfulltrúar atkvæði eftir skrá um borgarfulltrúa í stafrófsröð. Þar sem að borgarfulltrúinn hefur óskað eftir nafnakalli sérstaklega um frávísunartillöguna, þá úrskurða ég að það fari fram nafnakall, ég ætla ekki að leita sérstakra afbrigða hér í fundarsal borgarstjórnar. [frammikall] Forseti, borgarstjóri hefur þetta vald og hann ætlar að verða við þessari ósk og þá fer fram nafnakall og við gerum þá svona 3 mínútna stutt hlé meðan að við undirbúum það.

### Hlé í 3 mínútur

Ég ætla að biðja skrifara að koma hingað upp og taka þátt í eftirliti með nafnakallinu, það eru borgarfulltrúarnir Sóley Tómasdóttir og Jórunn Frímansdóttir. Þá verður dregið um það hver byrjar og það er númer 8 Dofri Hermannsson. Dofri Hermannsson segir já, [frammikall] ... situr hjá, ég bið borgarfulltrúann afsökunar. Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi segir nei. Óskar Bergsson borgarfulltrúi segir já. Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi situr hjá. Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi situr hjá. Sif Sigfúsdóttir borgarfulltrúi segir já. Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi situr hjá. Björk Vilhelmsdóttir

Bstj. 19. janúar 2010

borgarfulltrúi situr hjá. Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi situr hjá. Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi segir já. Hanna Birna Kristjánsdóttir segir já. Jórunn Frímannsdóttir borgarfulltrúi segir já. Einar Eiríksson borgarfulltrúi segir já. Elínbjörg Magnúsdóttir borgarfulltrúi segir já. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi segir já. Hver er niðurstaðan ritara. Átta segja já. Einn segir nei. Sex sitja hjá. Þetta er sem sagt niðurstaðan.

Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskar eftir að leggja fram bókun.

## 2. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um að núverandi borgarstjóri víki

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti ég er hér með bókun sem enn er handskrifuð og vænti að ég megi afhenda ykkur hana hreinritaða á eftir, en hún er viðbrögð mín við þessari undarlegu atkvæðagreiðslu. Ég veit að í hjarta sínu eru fulltrúar minnihlutans innilega sammála mér. Því bóka ég svo, með leyfi forseta:

Það er aumt að sjá hvernig flokkar geta kúgað góða einstaklinga til að greiða ekki atkvæði samkvæmt sinni dýpstu og einlægustu sannfæringu. Fátt sýnir betur nauðsyn þess að til sveitarstjórnar séu valdir einstaklingar fremur en flokkar.

**Forseti:** Borgarfulltrúinn hefur lagt fram bókun. En varðandi þá bókun sem borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon lagði fram hér í upphafi fundar og las hér í nokkuð löngu máli og þá hefur forseti um þá bókun að segja; að samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kveður meðal annars á um vald forseta samanber 19. grein og bókanir samanber 35. grein. Og að mati forseta þá er efnisinnihald þessarar bókunar í veigamiklum tilvikum í andstöðu við 19. grein samþykktar um fundarsköp borgarstjórnar sem fjallar um vald forseta og „Ef að borgarfulltrúi ber aðra menn brigslum“ o.s.frv. og aukinheldur ekki í samræmi við 35. grein sömu samþykktar en þar segir meðal annars „Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn“. Forseti úrskurðar að þessi bókun verði ekki færð til bókar með vísan til reglu 2. málsgreinar 19. greinar samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskapa borgarstjórnar. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að taka til máls.

**2. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um að núverandi borgarstjóri víki**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti. Þó að ég sé ekki fyllilega sáttur við þetta að ég fái ekki að leggja fram þessa snörpu og góðu bókun sem á kannski meira erindi í fundargerð en margt annað hér á þessum vettvangi, þá vil ég samt þakka forseta fyrir það að hafa leyft mér að mestu leyti að flytja ræðu mína óáreittur. Því að það sáu margir hér á áheyrendapöllum hvað bláa hönd borgarstjórans bankaði oft í forseta undir ræðu minni.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og er þá umræðu um þennan lið lokið og tekinn fyrir næsti liður á dagskrá borgarstjórnar sem er tillaga Ólafs F. Magnússonar um niðurfellingu fjárframlaga til framboðslista á árinu 2010 og til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.